

30
11. júní

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherrann hefur tjáð mér, að mikill hörgull sé nú á bifreiðastjórum og telji hann því nauðsynlegt að rýmka aldursákvæði bifreiðalaganna.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Fyrir „18 ára“ í 2. mgr. 20. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, komi: 17 ára.

2. gr.

Við 4. mgr. 20. gr. laganna bætist: Þeir, sem eru fullra 19 ára að aldri, geta þó fengið leyfi til að aka leigubifreiðum til mannflutninga fyrir allt að 10 farþegum, enda uppfylli þeir öll önnur skilyrði þessarar málsgreinar. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um bifreiðastjóra vörubifreiða, er flytja verkamenn til og frá vinnustað.

3. gr.

3. mgr. 21. gr. orðist svo: Engum má veita æfingu í akstri, sem yngri eru en svo, að vanti einn mánuð í 17 ára aldur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

31
11. júní

LÖG

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Samábyrgðin má ekki hafa í eigin ábyrgð hærri upphæð en 35000 kr. í neinu skipi.